

AUGLÝSING

um bann við innflutningi frá Kanada vegna hæsnapestar (Avian Influenza).

1. gr.

Með vísan til þess að ekki hafa borist neinar upplýsingar um upprætingu á hæsnapest í Kanada, en hæsnapest er skæður fuglasjúkdómur sem dreifst getur með milliríkjavíðskiptum, er sett bann við innflutningi til landsins á lifandi fuglum, frjóeggjum og hráum afurðum alifugla frá Kanada.

2. gr.

1. gr. á þó ekki við um afurðir fugla sem slátrað var fyrir 17. febrúar 2004.

3. gr.

Brot gegn auglýsingu þessari varða viðurlögum samkvæmt 30. gr. laga nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim.

4. gr.

Auglýsing þessi er sett með vísun í 4. mgr. 10. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, ásamt síðari breytingum. Auglýsing þessi öðlast þegar gildi og gildir til 30. apríl 2004.

Landbúnaðarráðuneytinu, 2. apríl 2004.

F. h. r.

Ólafur Friðriksson.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.